

**123** 3. Sveitarþyngslum, er síðar kunna til að koma, og sem eiga rót sína 28. des. í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur verið milli hinna nýju hreppa, skal skipt þannig, að þurfalingum eða ómögum sje sjeð fyrir styrk eða framfæri í þeim hreppnum, sem þeir eru fæddir í, ef þeir eru sveitfastir sökum fæðingar, en hafi þeir unnið sjer sveitfesti, þá í þeim hreppnum, er þeir unnu sjer hana í, eða sem þeir dvöldu í fleiri af sveitfestisárunum eða þá voru í seinasta sveitfestisárðið, ef þeir voru jafn mörg í báðum.

4. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara undir eins og amtið hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi, samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur út af skiptingunni, skal úr honum skorið af sýslunefndinni, sem einnig skal ákveða um fjallskil og afrjettir.

5. Hvor hinna nýju hreppa verði manntalsþinghá fyrir sig, og sje þingstaður fyrir Adaldælahrepp að Nesi í Adaldal, en fyrir Reykdælahrepp fyrst um sinn að Helgastöðum, og sjái hreppsnefndirnar fyrir sæmilegum hús-um til þinghaldanna, hvor í sínum hreppi.

Þetta tilkynnist yður hjer með þjónustusamlega, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því við bættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Helgastaðahreppi sem dómpinghá.

**124** 30. des. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í Suduramtinu og Vesturamtinu um hlunnindi handa sparisjóði.** (Ágrip). — Með brjefi þessu endurveitti landshöfðingi Sparisjóði Árnessýslu á Eyrarbakka hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. jan. 1874 um 5 ára tímabil, er teljist frá 1. sept. síðastliðnum, með venjulegum skilyrðum.

#### GREIÐSLUR ÚR LANDSSJÓÐI TIL VEGAGJÖRÐA.

Samkvæmt 12. gr. B. fjárlaganna fyrir 1892 og 1893 var greitt árið 1893 :

1. til aðalpóstvega :

|   |                |
|---|----------------|
| 1. til nýrra vegagjörða . . . . .         | 9164 kr. 21 a. |
| 2. — vegabóta og skoðunargjörða . . . . . | 1827 — 96 -    |
| 3. — brúa . . . . .                       | 7578 — 81 -    |
| 4. — verkfæra . . . . .                   | 1724 — 11 -    |
| 5. — sæluhúss . . . . .                   | 731 — 85 -     |

Samtals 21026 — 94 -

2. til fjallvega . . . . . 12900 — « -

